

Beethoven- hringurinn III

.....
FÖSTUDAGUR 01.06.12



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Sinfóníur nr. 6 og 7 eru hvor um sig um 40 mínútur að lengd.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

BEETHOVEN-HRINGURINN III

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 1. JÚNÍ 2012 KL. 19.30

Hannu Lintu hljómsveitarstjóri

Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 6 í F-dúr, op. 68 (1807–08)*

Fagnaðarkenndir vakna þegar komið er í sveitina

Við lækinn

Sveitungar skemmta sér –

Drumuveður –

Söngur smalans. Gleði og þakklæti þegar óveðrinu slotar

Hlé

Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 7 í A-dúr op. 92 (1811–12)*

Poco sostenuto – Vivace

Allegretto

Presto

Allegro con brio

Hannu Lintu
hljómsveitarstjóri



Hannu Lintu nam selló- og píanóleik við Sibeliusar-akademíuna í Finnlandi og lærði hljómsveitarstjórn hjá Eri Klas og Jorma Panula. Hann bar sigur úr bítum í Norrænu stjórnandakeppninni í Bergen árið 1994 og hefur síðan stjórnað mörgum helstu hljómsveitum Norðurlanda og víðar, m.a. Fílharmóníunni í Bergen, Dönsku útvarpshljómsveitinni, Konunglegu fílharmóníunni í Stokkhólmi og Kammersveitinni í Lausanne. Hann hefur auk þess stjórnað víða í Bandaríkjunum, meðal annars Fílharmóníuhljómsveitinni í Los Angeles, og sinfóníuhljómsveitunum í Baltimore, Pittsburgh, St. Louis og Washington D.C. Þá hefur hann stjórnað m.a. í Malasíu, Japan, Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Lintu gegnir starfi aðalstjórnanda við Fílharmóníuhljómsveitina í Tampere í Finnlandi og mun taka við stjórn Finnsku útvarpshljómsveitarinnar í Helsinki haustið 2013.

Lintu hefur stjórnað fjölmörgum óperuuppfærslum, m.a. *Carmen* eftir Bizet og *Töfraflautu* Mozarts við Finnsku þjóðaróperuna, og tónleikaflutningi á *Gianni Schicchi* eftir Puccini í Chicago. Hann hefur hljóðritað fyrir Ondine og Naxos, meðal annars tónlist eftir Einojuhani Rautavaara og Kaiju Saariaho. Lintu stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands síðast í júní 2009 og vakti þá þvílíka hrifningu hljómsveitarmeðlima að honum var umsvifalaust boðið að snúa aftur á fyrsta starfsári hljómsveitarinnar í Hörpu.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 6



Tónskáld 19. aldarinnar höfðu óvenju mikinn áhuga á samspili tónlistar og frásagna af ýmsum toga. Tónlist varð smám saman vettvangur fyrir það sem kalla mátti „hljómandi skáldsögu“ og tónskáld notuðu nýjan vettvang hinnar svonefndu prógrammsinfóníu til að koma stærstu og viðamestu frásögnum sínum í tónabúning. Ludwig van Beethoven (1770–1827) var meðal helstu frumkvöðlanna í þessum nýja samruna tónlistar og frásagnar, bæði í sjöttu sinfóníu sinni og ekki síður *Wellingtons Sieg*, þar sem lýst er í tónum sigri hertogans af Wellington á sveitum Napóleóns 21. júní 1813.

Slíkar prógrammsinfóníur voru þó ekki alveg nýjar af nálinni í tónlistarlífi Vínarborgar. Justin Heinrich Knecht samdi árið 1784 hljómsveitarverkið *Le portrait musical de la nature*, með undirtítilinn *Pastoralsymphonie*. Þar er náttúrunni lýst á mjög svipaðan hátt og í sinfóníu Beethovens – í fimm þáttum þar sem m.a. getur að heyra þrumuveður og þakkarsöng þegar veðrinu slotar. Árið 1792 samdi Anton Wranitzky *Afróðitu-sinfóníuna* sem naut töluverðra vinsælda á sinni tíð. *Sveitasinfónía* Beethovens, sem var samin á árunum 1807–08 og frumflutt á sögufrægum risatónleikum 22. desember 1808 ásamt öðrum verkum hans, hlaut strax meiri eftirtekt en fyrirrennararnir enda höfundurinn viðurkenndur sem mesta sinfóníuskáld samtímans. Þó er athyglisvert að hve miklu leyti *Sveitasinfónían* gekk þvert á hugmyndir samtímamanna um hvað sinfónía „ætti að vera“. Um aldamótin 1800 þótti sinfóníska formið helst til þess fallið að tjá stórfenglegar hugsanir og viðburði, og tónlistin einkenndist af þaulhugsuðu formi og mótívískri úrvinnslu. „Sveita-“ eða „hjarðljóðs-stíllinn“ sem þróaðist á 18. öld m.a. í verkum Corellis, Händels og Haydns var hins vegar þokkafullur, afslappaður og einkenndist af látlausri framsetningu stefja sem sjaldan var unnið úr á „sinfónískan“ hátt.

Sjálfur lagði Beethoven á það áherslu að ekki mætti gefa frásagnarhluta verksins of mikið vægi. Við frumflutninginn stóð eftirfarandi klausa í

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í nítjándá sinn sem SÍ flytur Sveitasinfóníu Beethovens. Róbert A. Ottósson stýrði flutningi hennar í Þjóðleikhúsinu 1951, en síðan hafa m.a. haldið um tónsprotann þeir Olav Kielland (1954), Bohdan Wodiczko (1966 og 1971), Paavo Berglund (1967), Aldo Ceccato (1989), Petri Sakari (1992 og 2001) og Osmo Vänskä (2011).

tónleikaskránni: „Sveitasinfónía, sem er fremur tjáning tilfinninga en málverk í tónum.“ Hann bætti síðar við: „Sá sem hefur upplifað sveitalífið getur vel gert sér í hugarlund hvað tónskáldið hafði í huga án þess að reiða sig á lýsingar í orðum.“ Beethoven var ákafur náttúruunnandi og naut þess að reika ótruflaður um skógana í nágrenni Vínarborgar. Af og til tók hann upp pappírssnepil og páraði niður nýjar tónhugmyndir sem hann vann betur úr þegar heim var komið. Ári eftir frumflutning *Sveitasinfóníunnar* skrifaði hann Teresu Malfatti: „Það er varla nokkur maður sem ann sveitinni eins og ég geri. Mér finnst að skógarnir, trén og steinarnir séu bergmál þess sem manneskjan þráir að heyra.“

Sveitasinfónían er í fimm þáttum. Upphafskaflinn ber yfirskriftina „Fagnaðarkenndir vakna þegar komið er í sveitina“, og þótt hann sé í hefðbundnu sónötuforni er margt þó ólíkt því sem gerist og gengur í öðrum sífóníum Beethovens. Stefin eru öll „sveitaleg“ að því leyti að þau spanna þröng tónsvið, eru skýr og skorinorð í framsetningu og minna um margt á þjóðlög eða dansa þótt öll séu þau frumsamin. Heiðskírt yfirbragð tónlistarinnar kemur ekki síst til af því hvernig Beethoven forðast moll- og minnkaða hljóma eins og heitan eldinn, en notar þess í stað hvern dúrhljóminn á fætur öðrum. Ekki síður vekur eftirtekt hversu sjaldan dýnamíkin fer upp í *forte* eða þaðan af hærra, og hversu djarflega Beethoven leyfir sér að endurtaka sama hljóminn aftur og aftur án nokkurra breytinga, til dæmis í úrvinnslunni. Hér fær tónlistin næstum því mínimalískt yfirbragð; ein hljómskipti á 50 tóktum er nokkuð sem er einstakt í verkum Beethovens og þótt mun víðar væri leitað. Einmitt þetta gefur þættinum ljúft og afslappað yfirbragð sem hæfir efninu. Tíminn líður hægar í sveitinni, og tónlist Beethovens liggur heldur ekkert á.

Í hæga kaflanum situr Beethoven við lækjarbakkann og lætur hugann reika.

Hér skapar hann einnig óvenju mikið músíkalskt rými í tónlistinni sem líður hægt og silalega áfram. Vatnsflaumurinn heyrir í öðrum fiðlum og lágfiðlum sem leika vaggandi þríundir, en fyrstu fiðlur fljóta ofan á með bjartar og afslappaðar hendingar. Undir lokin brýst út fjölskrúðugur fuglasöngur í stuttri kadensu þar sem næturgali (flauta), kornhæna (óbó) og gaukur (tvö klarínnett) láta í sér heyra.

Þriðji þáttur er léttur og gamansamur sveitadans þar sem Beethoven gerir góðlátlegt grín að sveitamúsíköntum sem gengur misvel að spila í takt. Glæðvær stemningin leysist skyndilega upp þegar óveðursský taka að nálgast. Fáum tónskáldum hefur tekist jafnvel að lýsa þrumuveðri í tónum enda notar Beethoven möguleika hljómsveitarinnar til hins ítrasta. Skræk piccolóflauta og dynjandi pákur sjá um þrumurnar sjálfar, og nú heyrast svo um munar allir dökku hljómarnir sem Beethoven sveigði hjá í fyrsta þættinum. Þrumuveðurskaflinn er í rauninni eins konar inngangur að lokakaflanum sem tekur við um leið og veðrinu slotar. Látlaus sálmahending leiðir inn í ljúfan þakkarsöng þar sem veraldleg gleði og andleg upphafning fléttast saman á töfrandi hátt.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 7



Það er alkunna að samtímamenn Beethovens áttu oft í erfiðleikum með að skilja tónlist hans, ekki síst þegar hann spreytti sig á hinum stærri formum. Þegar þriðja sinfónía hans, *Eroica*, var frumflutt árið 1805 skrifaði gagnrýnandi *Allgemeine musikalische Zeitung* að Beethoven ætti það til að „týnast í stjórnleysi“. Gagnrýnandinn viðurkenndi að jafnvel þótt hann væri einlægur aðdáandi meistarans væri of margt í hinu nýja verki „hrikalegt og stórskrýtið.“ En stundum hitti Beethoven beint í mark. Sjöunda sinfónían var fullgerð í apríl 1812, og við frumflutninginn í hátíðarsal háskólans í Vínarborg 8. desember 1813 ætlaði allt um koll að keyra. Vinsældir hennar næstu áratugina áttu sér enga hliðstæðu meðal sinfónía meistarans, og það komst upp í vana í tónleikasölum Evrópu að klappa upp annan þáttinn. Útsetningar fyrir hina ýmsu hljóðfærahópa (septett, strengjakvartett, píanó, fjórhent píanó og tvö píanó, sú síðastnefnda eftir Carl Czerny) létu heldur ekki á sér standa, enda vissu brodborgarar nítjándu aldar fátt betra en að láta nýjustu sinfóniurnar hljóma í stásstofum sínum.

Sjöunda sinfónían er að mörgu leyti einstök. Í henni er til dæmis enginn hægur kafli. Jafnvel þótt Allegretto-kafllinn hafi um áratuga skeið verið leikinn langt undir tempói eru hljómsveitarstjórar nútímans nú yfirleitt farnir að skilja að hann er aðeins „hægur“ í samanburði við það sem kemur á undan og eftir. Hægi inngangurinn að fyrsta kaflanum er á hinn bóginn sá lengsti í öllum sinfóníum Beethovens. En sérstaða verksins felst öðru fremur í hinni einstöku lífsgleði sem stafar frá hverri einustu nótu. Berlioz heyrði bændadans („ronde des paysans“) í fyrsta þættinum, Paul Bekker líkti verkinu við „orgíu Bakkusar“ og Richard Wagner lýsti því yfir að sinfónían væri „upphafning dansins“.

Inngangurinn að fyrsta þætti ferðast yfir breiða hljómræna fleti: A-dúr (með varkárum blásaralínunum og strengjaskölum sem springa út áður en varir), C-dúr (með fallegu óbósteffi), og loks F-dúr (óbósteffið endurtekið). Þessi hljómasvæði

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sjöunda sinfónían heyrðist fyrst á Íslandi í lðnó í júní 1926, flutt af Fílharmoníuhljómsveit Hamborgar undir stjórn Jóns Leifs. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt hana margoft og meðal stjórnenda hafa verið Olav Kielland (1955), Bohdan Wodiczo (1961), Daniel Barenboim (á Listahátíð 1970), Jean-Pierre Jacquillat (1979), Gilbert Levine (1988), Osmo Vänskä (1993) og Eyvind Aadland (2005).

eru langt frá því að vera sjálfsögð í þeirri tóntegund sem Beethoven hefur valið verkinu, en með því að ferðast á óhefðbundna staði í innganginum gefur hann í skyn mörg af helstu tóntegundaskiptum verksins í heild. Smám saman hægist um, og að lokum er ekki eftir nema einn tónn, síendurtekinn, sem flæðir yfir í aðalkaflann og myndar kjarnann að fyrsta aðalstefinu. Punkteraði hrynurinn (þrjár nótur: löng-stutt-löng) er alls staðar nálægur og vísar jafnvel veginn fram að scherzói níundu sinfóníunnar, þar sem sami hrynurinn setur svip sinn á heilan kafla. Annar kafla sinfóníunnar er án efa einhver fegursta tónsmíð Beethovens. Kaflinn er eins konar tilbrigði þar sem skiptist á ábúðarfullt strengjastef í moll – sem vex í styrk í hvert sinn sem það heyrir – og blíðlegt dúr-stef, fallandi og rísandi skalar þar sem klarínett og fagott eru í forgrunni.

Þriðji kaflinn er scherzó, eitt það fjörugasta sem Beethoven samdi. Á slíkum ógnarhraða (punkteruð hálfnota = 132) er ekkert fyrirsjáanlegt. Tónlistin þeytist áfram í fjögurra takta hendingum, en stundum leikur Beethoven á hlustandann með því að skeyta inn tveggja takta frasa sem kemur hinni reglulegu hendingaskipan í uppnám, til dæmis strax í upphafi kaflans og aftur nokkrum tóktum seinna, rétt fyrir fyrstu endurtekninguna. Eins og í nokkrum öðrum verka sinna – til dæmis fjórðu sinfóníunni – fer Beethoven með okkur tvisvar í gegnum hið hefðbundna form (scherzó-trío-scherzó), svo að miðkaflinn – með blásurum í forgrunni – er endurtekinn í heilu lagi. Hann virðist jafnvel ætla að hljóma í þriðja sinn áður en Beethoven slær botninn í allt saman með nokkrum völdugum hljómunum. Lokapátturinn einkennist af sömu óhefluðu lífsgleðinni og hinir fyrri, og enn er það lítið og sakleysislegt rytmamótíf sem tengir saman hin ólíku – en óneitanlega fjörugu – stef.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

1. júní 2012

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Hildigunnur Halldórsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Martin Frewer
Lin Wei
Pálína Árnadóttir
Mark Reedman
Rósa Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir

2. FIDLA

Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Christian Diethard
Lilja Hjaltadóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Joanna Bauer
Kristín Björg Ragnarsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Þórarinn Már Baldursson
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Guðrún Th. Sigurðardóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovisa Fjeldsted
Auður Ingvadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Matthías Nardeau

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason

FAGOTT

Sandra Sisk
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Einar Jónsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson

PÁKUR

Eggert Pálsson

GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 540 3285, www.gamma.is



GAMMA
GAM Management hf



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Ludwig van Beethoven

TÓNLEIKAR 07.06 » 19:30 / AUKATÓNLEIKAR 08.06 » 19:30

Níunda

Ludwig van Beethoven: *Sinfónía nr. 8*
Ludwig van Beethoven: *Sinfónía nr. 9,*
Óðurinn til gleðinnar

Hannu Lintu hljómveitarstjóri
Hulda Björk Gardarsdóttir,
Nathalia Druzin Halldórsdóttir,
Andrew Kennedy,
Ágúst Ólafsson einsöngvarar
Mótettukór Hallgrímskirkju
Hörður Áskelsson kórstjóri

Sinfóníuhljómsveitin lokar Beethoven-hringnum með tveimur síðustu sínfóníum meistarans. Báðar eru meistaraverk, hvor á sinn hátt. Sú áttunda er smærri í sniðum, kraftmikil með ljóðrænni mýkt og sú níunda er sannkallaður óður til gleðinnar.

TÓNLEIKAKYNNING Í ELDBORG 07.06 » 18:30
Árni Heimir Ingólfsson kynnir söguna á bak við tónana. Allir velkomnir.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA